

Umsögn um frumvarp til laga um þungunarrof

Mál nr. S-127/2018

Nú liggur fyrir Alþingi nýtt frumvarp til fóstureyðinga með útvíkkuðum heimildum til loka 22. viku, þegar fóstur er rúmlega hálf vaxið í móður kviði.

Sem lækni tel ég mér skylt að mæla gegn þessu, því mér finnst óverjandi að eyða lífi í móður kviði, sérstaklega þegar um er að ræða barn með fullmótuð líffæri sem aðeins á eftir að vaxa. Ég skil satt að segja ekki hvert við erum komin.

Ég hélt við værum flest á móti því að taka líf manneskju, en svo virðist ekki vera lengur. Því sérhvert fóstur hefur sérstakt erfðamengi og er manneskja hvernig sem málið er hugsað.

Lífinu sem er eytt, er til að mynda annað hvort líf drengs eða stúlku. Það er ekki hægt að komast hjá þeim dómi að fóstureyðing sé í raun aftaka mannlegs lífs.

Algengt andsvar er að spyrja, hvort konan eigi ekki að hafa yferráðarétt yfir eigin líkama. Svarið við því hlýtur að vera játandi, en takmarkast af því að hún þurfi ekki að taka annað líf til að ráða yfir sér. Því fóstur í móður kviði er ekki hennar líf, heldur líf annarrar manneskju með annað erfðamengi, taugakerfi, blóðrás, hjarta og öll líffæri.

Öll líffæri hafa myndast á fyrsta þriðjungi meðgöngu í 13 viku og er því ekki um fósturvísi að ræða lengur. Hjartsláttur sést við ómskoðun á 6-7 viku.

Það er gæfa að eignast barn, og þótt það virðist óvelkomið í byrjun, mun barnið sjálft, verund þess og líf breyta aðstæðum foreldris í blessun og gæfu og vekja fögnuð, sama hversu á horfðist í fyrstu. Þessa vísu höfðu menn hér áður fyrir, en höfum við tapað henni?

Mikilvægur þáttur í þessari sýn er að við erum síðað kristið samfélag og við eigum alls ekki að þola að lífi barna sé fórnað að geðþóttu foreldris. Ekkert réttlætir það í raun, nema að lífi móður sé stefnt í hættu. Mín skoðun er sú að ef við höfum fallist á þetta áður, sé það vegna þess að við höfum samþykkt blekkingu, sem vinnur gegn lífinu og veldur ómældum hörmungum, nú eða síðar. Athugið að við þekkjum ekki veg lífsins út í hörgul, við getum aðeins staðið föst á ákveðnum grundvallargildum. Eitt þeirra er að verja lífið.

Við eigum auðvitað að standa föst gegn fóstureyðingum, öll sem einn. Allir lífsins menn og konur; allir með góðan huga. Látum dýrkendur dauðans fara aðra leið, en þeir verða þá að gera það sjálfir.

Fósturmorð eru heiðin forneskja, rétt eins og útburður sem við getum ekki verið þekkt fyrir. Fóstureyðingar eru heldur ekki læknaaðgerð í neinum venjulegum skilningi og þær brjóta gróflega gegn læknaeðnum sem allir læknar undirgangast. Eina undantekningin er að verið sé að bjarga lífi.

Ríkið getur því ekki haft það að stefnu að lífláta vaxandi barn í móður kviði að vilja annarrar manneskju og gildir einu þótt um móður þess sé að ræða. Það er siðferðilega óverjandi. Það er skaðlegt einnig. Og hverja skaðar það? Móðirin tekur líf og það skilur eftir sig spor hjá henni sjálfri, jafnvel þótt hún afneiti því. Því hún gleymir því aldrei; innsta verund hennar, sálin sleppir ekki af því takinu.

Samfélagið fær einnig á sig skömm og fóstureyðingar spilla sameiginlegu siðferði okkar. Líf okkar allra verður spillt og skítugt. Það er engin leið að bæta fyrir svona gerning ef maðurinn iðrast ekki og tal um velsæld, ríkidæmi og framfarir verður hjóm eitt, þegar þetta finnst í farangri okkar.

Það hlýtur einnig að teljast vafasamt að láta almenning greiða fyrir fóstureyðingar, því það flytur ábyrgð og kostnað yfir á alla þegna landsins, eins og almenn sátt ríki um þær eins og hvern annan saklausan tanndrátt.

Það er svipað með önnur brot á lögmálum lífsins, að einstaklingurinn verður sjálfur að fullu og öllu að bera ábyrgð á gerðum sínum. Og standa klár við lokadóm. Ábyrgð okkar hinna er að hafa varað við. Ég tel að við séum á siðferðilegum villigötum með þessu nýja frumvarpi sem útvíkkar heimildir fyrir dráp á vaxandi barni í móður kviði.

Guðmundur Pálsson sérfræðingur í heimilislækningum (sign)

191259-2549

Heilsugæslulæknir í Reykjavík

Kvisthaga 21

107 Reykjavík